

## Endurskoðuð áætlun Íbúðalánasjóðs 2009

(um útlán, greiðslur og útgáfu íbúðabréfa)

Endurskoðuð áætlun útgáfa íbúðabréfa Íbúðalánasjóðs árið 2009 til fjármögnunar nýrra útlána er 28 – 32 milljarðar króna, sem er lækkun um 5 – 6 milljarða frá fyrri tölum.

Íbúðalánasjóður áætlar að ný útlán sjóðsins verði á bilinu 36 – 40 milljarðar króna á árinu 2009, sem er lækkun um 5 – 7 milljarða kr. frá fyrri áætlun. Þar af er gert ráð fyrir að leiguíbúðalán verði á bilinu 10 – 12 milljarðar króna, sem er lækkun um 2 milljarða frá fyrri áætlun.

### Útboð íbúðabréfa og útlán Íbúðalánasjóðs

Áætlun 2009	1.Q	2.Q	3.Q	4.Q	Alls 2009
Útgáfa Íbúðabréfa	6	7	7 - 9	8 - 10	28 - 32
Ný útlán Íbúðalánasjóðs	9	8	9 - 11	10 - 12	36 - 40

Tölur eru í milljörðum ISK.

Töluverð óvissa ríkir um útlána- og útgáfuáætlanir í ljósi breyttra aðstæðna á fjármála- og fasteignamarkaði. Nákvæmar tölur um áætlun útlán og útgáfu íbúðabréfa er því ekki hægt að gefa upp. Þannig geta einstaka tölur í útboðum færst á milli ársfjórðunga og veltur það á markaðsaðstæðum hverju sinni.

Íbúðalánasjóður áætlar áfram að greiða lánadrottnum sínum á bilinu 60 - 64 milljarða króna á árinu 2009 og er stærstur hluti þeirra tilkominn vegna afborgana íbúðabréfa.

### Greiðslur Íbúðalánasjóðs

Áætlun 2009	1.Q	2.Q	3.Q	4.Q	Alls 2009
Greiðslur Íbúðalánasjóðs	18	15	13 - 15	14 - 16	60 - 64

Tölur eru í milljörðum ISK.

Áætlun þessi miðast við núverandi aðstæður á fasteigna- og íbúðalánamarkaði. Verði breytingar á markaðsaðstæðum má reikna með að ofangreind áætlun geti breyst. Íbúðalánasjóður endurskoðar áætlanir sínar ársfjórðungslega og oftast ef þörf krefur.